

Iðnaðarnefnd Alþingis
B.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara

Reykjavík, hinn 8. apríl 2002

Efni: Umsögn BHM um þingsályktunartillögu um stefnu í byggðamálum 2002-5 (538. mál)


Vísað er til bréfs yðar, dags. 6. mars 2002, varðandi umsögn um 538. mál, tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmálið eins og það liggur fyrir.

BHM tekur almennt ekki afstöðu í stjórnámálum sem ekki varða grundvallarhagsmuni háskólamenntaðs launafólks en vill að gefnu tilefni, sbr. aðgerðatillögu nr. 20 á bls. 20-21 í greinargerð með þingsályktunartillögunni, skora á stjórnvöld að hafa samráð við samtök námsmanna og launafólks sem hefur tekið námslán um allar aðgerðir sem miða að því að létta þunga endurgreiðslubyrði námslána.

Í þessu sambandi skal áréttað að 17 samtök bandalaga og stéttarfélag háskólamanna og námsmanna hafa tekið saman höndum í því skyni að rannsaka leiðir og stuðla að því markmiði að létta þunga endurgreiðslubyrði námslána. Hafa BHM og Samtök íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) haft fogöngu um það samstarf.

Beðist er velvirðingar á að ekki tókst að gefa umsögn innan þess frests sem vænst var

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar BHM e.u.,



Gísli Tryggvason,
frankvæmdarstjóri BHM.

Afrit:
SÍNE.